



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Til sveitarfélaga
b.t. sveitarstjóra (framkvæmdastjóra/oddvita)

Reykjavík, 29. nóvember 2012
Tilv.: 1102032

Efni: Kynning á tilmælum til sveitarfélaga

Þann 25. september sl. gaf Samkeppniseftirlitið út álit nr. 1/2012, *Gæta skal að samkeppnissjónarmiðum við útleigu og sölu húsnæðis á vegum hins opinbera*. Þar er þeim tilmælum beint til opinberra aðila, hvort sem er á vettvangi ríkis eða sveitarfélaga, að þeir leiti tilboða í hlutlægu, málefnalegu og gagnsæju ferli þegar húsnæði eða önnur takmörkuð gæði eru seld eða leigð út til aðila sem stunda samkeppnisrekstur. Við ákvarðanir um skilmála, s.s. um sölu- eða leiguverð, eða tímalengd leigu, skal þess gætt að samkeppni sé ekki skekkt. Þá er mælt til þess að opinberir aðilar setji sér og birti almennar verklagsreglur um þetta efni.

Tilfni álitsins var rannsókn Samkeppniseftirlitsins á útleigu mennta- og menningarmálaráðuneytisins á húsnæði Héraðsskólans að Núpi í Dýrafirði til hótél reksturs, og fyrri mál samkeppnisyrivalda þar sem fjallað hafði verið um sambærileg álitafni.

Umrætt álit var kynnt ráðuneytum og tíu stærstu sveitarfélögum landsins með bréfum, dags. 25. september sl. Jafnframt óskaði Samkeppniseftirlitið eftir því við Samband íslenskra sveitarfélaga að það kæmi álitinu á framfæri við öll sveitarfélög sem aðild eiga að sambandinu. Þar sem það hefur ekki verið gert er öllum sveitarfélögum hér með sent meðfylgjandi álit nr. 1/2012, ásamt þessu kynningarbréfi. Jafnframt er skorað á sveitarfélög að fara að þeim tilmælum sem sett eru fram í álitinu og bréfi þessu.

Þau tilmæli sem fram koma í álitinu eru í fullu samræmi við fyrri álit og ákvarðanir samkeppnisyrivalda og samræmast ennfremur álitum umboðsmanns Alþingis nr. 4478/2005 þar sem fjallað var um útleigu sveitarfélags á tilteknum námuréttindum. Þar komst umboðsmaður að þeirri niðurstöðu að eðlilegast sé, nema sérstök sjónarmið mæli þar í mót, að sveitarfélög auglýsi með opinberum hætti fyrirhugaða úthlutun gæða. Í niðurstöðu umboðsmanns er tekið fram að mikilvægt sé í ljósi sjálfstæðis sveitarfélaga til ákvörðunartöku að þau temji sér vinnureglur og málsmeðferð sem best tryggji að grundvallarreglna stjórnarsýsluréttar sé gætt. Af framangreindu er raunar ljóst að vönduð stjórnarsýsla og eðlilegir samkeppnishættir sveitarfélaga fara yfirleitt saman.



Af gefnu tilefni er rétt að taka fram að tilmælin fela ekki í sér að sveitarfélögum beri í hverju tilviki að láta fara fram útböð, skv. lögum nr. 65/1993, enda getur auglýsing af öðrum toga talist fullnægjandi í mörgum tilvikum.

Samkeppniseftirlitið vill jafnframt minna á hversu brýnt það er að sveitarfélög búi svo um hnútana í starfi sínu að dregið sé úr opinberum samkeppnishömlum og fremur hvatt til samkeppni. Með því er unnt að bæta hag fyrirtækja og íbúa og um leið skjóta styrkari stoðum undir atvinnulíf á viðkomandi svæði. Almenn er viðurkennt að í eflingu samkeppni felist rétt viðbrögð við efnahagskreppu.

Samkeppniseftirlitið hefur á liðnum árum gefið út skýrslur og álit til opinberra aðila sem miða að því að benda á leiðir til að draga úr samkeppnishömlum að þessu leyti. Auk þess álits sem hér er til umfjöllunar má nefna eftirfarandi:

- Álit nr. 3/2009, *Skipulag, lóðaúthlutanir og samkeppni*. Þar var því m.a. beint til sveitarfélaga á Íslandi að hafa tilteknar meginreglur til hliðsjónar við skipulagsmál og úthlutun lóða.
- Álit nr. 4/2009, *Opinber útböð, samkeppni og samkeppnishindranir*. Þar er því beint til opinberra aðila, þ. á m. sveitarfélaga, að beita útböðum þegar því verði við komið og fylgjast markvisst með því að farið sé að samkeppnislögum við framkvæmd útböða. Álitinu fylgdi m.a. gátlisti sem auðveldar útböðsaðilum að koma auga á ólögmeitt samráð.

Þá má einnig nefna álit nr. 2/2009, *Samkeppnismat stjórnvalda*, og skýrslu nr. 2/2008, *Öflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnulífs*. Framangreind gögn eru öll aðgengileg á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er mikilvægt að sveitarfélög hafi framangreint í huga í starfsemi sinni, enda er ljóst að sveitarfélög eru bundin af samkeppnislögum, að því marki sem sérlög takmarka ekki gildissvið þeirra laga.

Samkeppniseftirlitið hyggst á næstu misserum fylgja framangreindum álitum frekar eftir. Óskað er eftir því að bréf þetta verði kynnt þeim sem fara með viðkomandi málefni á vettvangi sveitarfélagsins.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

Magnús Þór Kristjánsson



Fylgiskjöl: Álit Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2012 og bréf Samkeppniseftirlitsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 25. september 2012.